



„Það var eitthvað meira þarna“: Mat á námi með áherslu á vellíðan barna

Daníel Steingrímsson og Kristín Karlsdóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Mat á námi og vellíðan barna er hluti af starfi leikskóla samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Hér verður greint frá rannsókn sem gerð var með sex starfsmönnum eins leikskóla á Íslandi og er hluti af samstarfsrannsókn (e. collaborative action research) sem unnin var í samstarfi RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræði ungra barna) og fimm leikskóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Í upphafi auglýsti RannUng eftir þátttakendum sem hefðu hug á að vinna að þróun mats í leikskólum. Í þeim leikskóla sem hér er fjallað um voru þátttakendur aðstoðarleikskólastjóri ásamt tveimur leikskólakennurum og þremur leiðbeinendum á einni leikskóladeild með 24 börnum sem flest voru þriggja ára í upphafi vetrar. Rannsóknin stóð yfir frá september 2016 til maí 2017. Markmið rannsóknarinnar var að starfsfólk ígrundaði eigin starfshætti og þróaði aðferðir við mat á námi og vellíðan barna. Rannsóknargögn byggja á viðtölum og athugunum sem greind voru í þeim tilgangi að sýna ferli framkvæmdarinnar og stöðu þess mats sem fram fór á deildinni. Niðurstöður benda til þess að mat á námi og vellíðan barnanna hafi í upphafi vetrar fyrst og fremst farið fram í samræðum starfsfólks, sem taldi að skráning væri ekki næg í leikskólastarfinu. Það sem metið var í upphafi vetrar tengdist hljóðvitund, málþroska, félagshæfni, hegðun og almennum þroska. Mat þetta fór fram fyrir foreldraviðtöl og í sérstökum tilvikum. Hugmyndir starfsfólks um mat á námi og líðan breyttust yfir veturinn. Starfsfólk fór að fylgjast betur með líðan barna í stað hegðunar þeirra. Þróaðar voru námssögur og var staða barnanna og geta greind og ígrunduð út frá námssögunum. Skráning námssagna reyndist falla vel að því mati sem þegar var framkvæmt á deildinni. Fagvitund leikskólakennaranna skerptist í ferlinu og þeim fannst þeir geta virkjað það sem þeir höfðu áður lært og reynt um börn, áhuga þeirra og líðan. Leiðbeinendurnir töldu sig hafa lært mikið af þátttöku í rannsókninni og þróað faglegri starfshætti, ásamt því að ígrundun um börnin og athafnir þeirra varð þeim tamari. Þátttakendur juku vitund sína um líðan barna og stöðu þeirra innan barnahópsins. Þeir tóku betur eftir börnum sem voru utanveltu í barnahópnum. Samstarfsrannsóknin jók fagvitund jafnt leikskólakennara sem leiðbeinenda, þó kom fram í viðtölum að lærdómur þeirra síðarnefndu virtist enn meiri. Þátttakan í rannsókninni dró athygli þeirra að börnunum, námi þeirra og líðan og gerði þeim kleift að mæta börnunum með því að lesa í tjáningu þeirra. Með þessu móti veittu námssöguskráningar þeim nýja innsýn í heim barnanna.

Efnisorð: Mat á námi, vellíðan barna, samstarfsrannsókn, leikskólamenntun, fagleg ígrundun

Inngangur

Í *Aðalnámskrá leikskóla* er gert ráð fyrir að fram fari mat á námi og líðan barna í leikskólum. Í tengslum við skólanámskrá er leikskólunum sjálfum látið eftir að móta og þróa ferlimiðaðar matsaðferðir en þeim er ætlað að safna upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í þjóðfélagi sem stjórnast af kröfu um árangur og framfarir er mikilvægt að nema staðar og velta fyrir sér hvað er í fyrirrúmi við skipulag náms og hvaða aðferðir eru notaðar til að meta það. Ein matsaðferð er að skrá námssögur sem segja frá þátttöku barna í leik og öðrum viðfangsefnum. Matíð getur fjallað um margbreytilega og flókna þætti sem koma fram í samskiptum barna, en því er jafnframt ætlað að hafa í forgrunni félags- og tilfinningalega þætti náms. Námssögur eru stuttar sögur sem skráðar eru með fjölbreyttum hætti í leikskólastarfi, svo sem þegar börn leika sér og fást við skapandi viðfangsefni. Námssöguaðferðinni er ætlað að hafa í forgrunni félagslega og tilfinningalega þætti náms og kallar hún því á skoðun á margbreytilegum viðfangsefnum og flóknum samskiptum í leikskólastarfinu. Í skráningarferlinu eru samskipti barna greind og ígrunduð af gaumgæfni og geta því falið í sér huglægt mat þess sem skráir. Sögunum er ætlað að varpa ljósi á getu, nám, þroska og líðan barna (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Gardarsdóttir, 2008).

Þrátt fyrir að rannsóknir sýni að væntingar íslenskra foreldra gagnvart leikskólagöngu barna sinna beinist fyrst og fremst að félagsfærni, samskiptum, virðingu og að sýna öðrum samkennd (Jóhanna Einarsdóttir, 2017), sækir sú tilfinning að, þegar talað er við leikskólastarfsfólk, að vaxandi utanaðkomandi þrýstingur sé á að sýna fram á mikilvægi leikskólans sem fyrsta skólastigsins. Ætla má að mörgum leikskólakennurum líki ekki hugmyndin um staðlaðar matsaðferðir í leikskólastarfi sem samræmast ekki hugmyndum leikskólakennaranna um bernskuna og nám sem fram fer með þátttöku barna í sjálfsprottnum leik. Því er þessari rannsókn ætlað að þróa matsaðferðir í takt við skólanámskrá þátttökuleikskólans en taka jafnframt mið af því sem fram kemur um mat í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Í leikskólanum, sem tók þátt í þeirri samstarfsrannsókn (e. collaborative action research) sem hér er til umfjöllunar, var valin sú leið að innleiða gerð námssagna í starfið. Með því vildu stjórnendur efla það námsmat sem þegar var unnið í leikskólanum. Mikilvægi rannsóknarinnar felst í því að þátttakendur í leikskólanum, sem voru leikskólakennarar og leiðbeinendur á einni deild, leituðu leiða til að þróa aðferðir til að meta nám og líðan barna og stuðla þannig að því að leikskólinn mætti kröfum aðalnámskrár um ferlimiðað mat en ekki síður þann þátt matsins að lesa í tjáningu barnanna og styðja þannig við áhrif þeirra í leikskólastarfinu.

Hér er um að ræða samstarfsrannsókn sem unnin var í samstarfi starfsfólks í leikskóla, meistaranema og háskólakennara með áherslu á að lýsa því ferli sem átti sér stað í framkvæmdinni. Gögnum var safnað með viðtölum og athugunum og þau greind með því að rýna í hvernig aðferðir voru þróaðar af leikskólakennurum og leiðbeinendum. Loks var viðhorfum þeirra og upplifun af þátttöku lýst. Þar sem markmið samstarfsrannsóknarinnar var að þátttakendur þróuðu aðferðir til að meta nám og vellíðan barna í leikskólanum er þarft að skoða hugtökin velferð og vellíðan sem er stuðst við í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Hugtökin velferð og vellíðan

Þegar *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) er skoðuð má sjá að fjallað er um velferð (e. welfare) og vellíðan (e. well-being) barna í nánast hverjum kafla. Hugtökin eru ekki sérstaklega skilgreind í námskránni en út frá samhengi orðanna má ætla að velferð tengist í senn huglægum efnislegum og félagslegum þáttum (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013). Huglæg velferð tengist hugmyndum um sjálfið, reglum sem hver og einn setur sér, trú og von, á hvaða grundvelli maður byggir innra líf sitt. Efnisleg velferð snýr að efnislegum gæðum og möguleikum til þátttöku í starfi, menntun og félagslífi. Félagsleg velferð snýr að persónulegu tengslaneti, bæði tengslum við annað fólk

en líka við stjórnsýslu, félagskerfið og stjórnsmál, hvernig fólk getur haft áhrif á umhverfi sitt. Þessir þrjú þættir snerta flesta þætti daglegs lífs og sýna að velferð er mikilvæg fyrir líðan barns í nútíð og framtíð. Því er velferð barna á ábyrgð allra þeirra aðila sem koma að umönnun þeirra; svo sem heimila, leikskóla og heilbrigðisyfirvalda en er jafnframt í samræmi við rétt barna til umönnunar eins og fram kemur í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989). Í annarri grein laga um leikskóla kemur eftirfarandi fram: „Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.“ (lög um leikskóla nr. 90/2008). Velferð barna fer þannig eftir því umhverfi og þeim skilyrðum sem þau búa við, og er á ábyrgð þeirra aðila sem koma að umönnun barna, þar með talið heimili barna. Út frá aðalnámskránni má túlka hin tilvitnuðu orð svo að velferð sé grundvöllur vellíðanar og skiptir því máli að börnum líði vel bæði í leikskóla og heima.

Í þessari grein er aðallega vísað til hugtaksins vellíðan út frá tveimur mismunandi fræðilegum sjónarhornum. Það er annars vegar hvernig sjálfsmynd barns birtist í félagslegu samhengi leikskólans (Carr, 2001; Carr og Lee, 2019; Laevers, 1994) og hins vegar hvort barn lítur á eigin getu sem áhugaverða leið til að læra og bæta sig eða leitar fremur eftir mati annarra (Dweck, 2017; Dweck og Leggett, 1988; Smiley og Dweck, 1994). Samkvæmt þessum hugmyndum birtist vellíðan barna í leikskóla í því hvernig þau fást við viðfangsefni, finna lausnir og eiga samskipti við aðra. Þannig leitast leikskólakennarar eftir því að greina hvort börn virðast njóta þess að vera þátttakendur í samskiptum, eru opin og móttækileg gagnvart því sem gerist í leikskólanum, tjá sig um eigin vilja og skoðanir og virðast oft geta trúað á eigin getu.

Vellíðan barna snýst þó ekki eingöngu um hvernig starfsfólk leikskóla sér hana með því að lesa í tjáningu barna heldur tengist hún einnig sjálfsmynd barns og hvernig barnið tjáir sig um eigin vellíðan (Lillemyr, Sobstad, Marder og Flowerday, 2011). Því má segja að hugtakið vellíðan sé víðtækt og margþætt, og tæplega unnt að meta það með einni aðferð. Það að meta vellíðan krefst fjölbreyttra aðferða sem fela aldrei í sér leit að einu réttu svari. Allar skráningar og ígrundun um barnið á meðal starfsfólks og með foreldrum hafa það að markmiði að meta líðan barnsins með heilsteypum hætti. Það tekur tíma, krefst þolinmæði og samvinnu.

Í leikskólastarfi hafa margvíslegir þættir í skipulagi áhrif á líðan barna. Viðhorf starfsfólks til barna og náms þeirra, efniviður, húsnæði, nánasta umhverfi, fjöldi menntaðra leikskólakennara og stefna leikskóla eru þættir sem hafa áhrif á hvernig starf leikskóla er skipulagt. Eins og komið hefur fram hafa hugmyndir starfsfólks leikskóla um börn áhrif á skipulag leikskólastarfs. Endurskoðun á skipulagi út frá vellíðan barna hefur reynst hafa jákvæð áhrif á líðan þeirra í þá veru að þau finni fyrir öryggi og að þau tilheyri hópnun. Einnig hefur slík endurskoðun áhrif á starf leikskóla og starfsánægju starfsfólks (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013). Til þess að börnum líði vel þarf skipulag leikskólastarfsins að vera í sífelldri mótun auk þess sem taka þarf mið af líðan barna og starfsánægju starfsfólks. Í ljósi þess er gagnlegt að leita leiða sem fela í sér mat á þessum þáttum.

Mat á velferð og vellíðan

Almennt er lítið fjallað um hvernig mat á líðan barna skuli fara fram í *Aðalnámskrá leikskóla*. Þó kemur fram að í leikskólum sé upplýsingum safnað um það sem börn fást við og að þróaðar séu aðferðir til að meta nám og velferð barnanna. Nánari útfærsla er lögð í hendur starfsfólks hvers leikskóla sem ætlað er að þróa fjölbreyttar leiðir til að „safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Í kjölfar útkomu *Aðalnámskrár leikskóla 2011* var gefið út *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Í því er byggt á því sem kemur fram í aðalnámskrá um mat en að auki er bætt við ítarefni um hvernig matið getur farið fram. Í þemaheftinu kemur fram

að þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að þróa með sér fjölbreytta hæfni í samskiptum, læsi, sjálfbærni, vísindum og sköpun auk þess að kunna að stuðla að eigin heilbrigði og vellíðan. Í þemaheftinu er lögð áhersla á að mat skuli fara fram í samvinnu og með þátttöku leikskólakennara, annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barna. Þannig er lögð áhersla á heildstætt mat en ekki afmarkaða færniþætti, auk aðkomu hlutaðeigandi aðila, s.s. fjölskyldna barnanna. Markmiðið er að börn verði eins virkir þátttakendur í mati á eigin námi og vellíðan eins og mögulegt er. Samkvæmt nýlegri íslenskri rannsókn um vellíðan barna í leikskóla (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016) er lögð áhersla á mikilvægi þess að leita eftir viðhorfum barna. Leiddar eru líkur að því að fá börn tækifæri til að tjá áhuga sinn og ákveða hvað þau vilja fást við auki það vellíðan þeirra. Það sama má segja um þátttöku barna í mati á eigin námi.

Samkvæmt þemaheftinu er ætlunin að í mati sé börnunum sjálfum veitt tækifæri til að verða meðvituð um eigin líðan, tjá hugsanir sínar og tilfinningar og setja sig í spor annarra. Þannig er matinu einnig ætlað að stuðla að því að börn upplifi sig sem skapandi, forvitna rannsakendur og virka þátttakendur í nærsamfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Í þessum leiðbeiningum, sem í þemaheftinu felast, er m.a. bent á þá aðferð að safna gögnum í ferilmöppu sem sýnir ferli náms og þroska barnsins í gegnum leikskóladvölinu. Þættirnir, sem í þemaheftinu segir að börn eigi að fá tækifæri til að upplifa, gefa vísbendingar um líðan barnsins og eru sýnilegir í ferilmöppunni. Í ferilmöppu eiga að koma fram upplýsingar sem sýna að barnið sé öruggt, heilbriggt og að borin sé virðing fyrir því sem einstaklingi. Í þemaheftinu kemur einnig fram að í leikskóla skuli séð til þess að börn borði hollan mat, hvíli sig, hreyfi sig og hafi aðgang að fjölbreyttum viðfangsefnum. Þarf ferilmappan að sýna að barnið uni sér glatt yfir daginn, að því virðist líða vel og sé í tilfinningalegu jafnvægi. Í leikskólastarfinu skal barnið stutt til áhrifa og til að tjá líðan sína og skoðanir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til bernskunnar móta þær ákvarðanir sem þeir taka varðandi skipulag og námskráargerð (Jóhanna Einarsdóttir, 2008), þar með talið mat og matsaðferðir. Þessi viðhorf eru ýmist meðvituð eða ómeðvituð og því er aðkallandi að þeir sem vinna með börnum velti viðhorfum sínum fyrir sér svo tryggja megi hag barnanna.

Viðhorf til barna

Nám og þroski barna á sér stað í samvinnu og með gagnkvæmum samskiptum og tengslum í félagslegum aðstæðum. Þetta kemur fram í grein Jóhönnu Einarsdóttur (2008) og rímar við þá niðurstöðu Bae (2009) að lýðræðislegir starfshættir felist ekki eingöngu í því að gefa börnum kost á að velja viðfangsefni í formlegu ferli heldur ekki síður í því þegar börnum er gefin rödd og á þau er hlustað. Samkvæmt þessum hugmyndum fer nám ekki fram í einstaklingsbundnu vitrænu ferli barns heldur krefst það samvinnu og samskipta við leikskólakennara og önnur börn. Auk þess hefur ólík sýn leikskólakennara og annars starfsfólks á börn og bernskuna áhrif í leikskólastarfi (Prout og James, 2015). Því er mikilvægt að starfsfólk leikskóla líti í eigin barm og skoði hvort hugmyndir þess og starfshættir samræmist því sem það telur vera rétt, gott og heilnæmt fyrir nám og líðan barna í nútímasamfélagi.

Rannsóknir hafa sýnt að leikskólakennurum þyki mikilvægt að börn séu ánægð og líði vel í leikskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, 2017). Fram kemur að þeir leggi áherslu á félagsleg samskipti, virðingu fyrir öðrum og samlíðan. Eftir sem áður hafa komið fram ólík viðhorf leikskólakennara um tilgang leikskólastarfs. Sumir líta á leikskóla sem undirbúning undir grunnskóla á meðan aðrir nota óbeinar kennsluáferðir sem einkennast af frjálsræði og skapandi verkefnum með börnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Ætla má að í sumum leikskólum sé stuðst við blöndu af þessum tveimur nálgunum. Þó ber að halda því til haga að viðmót kennara og samskipti við börn skiptir ekki síður máli en þær áherslur í starfsháttum sem viðkomandi leikskóli styðst við (Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Kristín Karlsdóttir, 2017).

Samkvæmt eftirtöldum hugmyndum um börn og barnæsku, sem þróast hafa á undanförunum áratugum, er lítið á þau með eftirfarandi hætti: 1) börn sem góð og slæm, 2) börn sem óskrifað blað eða börn sem feta fyrir fram ákveðna stigu og 3) börn sem varnarlaus eða sterk og hæf (Dahlberg, Moss og Pence, 2007; Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Það hefur verið ríkjandi í íslenskri menningu að flokka börn sem góð eða slæm, t.d. fjalla mörg sönglög, bækur og vísur um óknytti barna og nauðsyn þess að þau séu góð. Það er reynsla Daníels Steingrímssonar, annars höfundar þessarar greinar, að enn er notast við efni sem dregur upp svarthvíta mynd af því hvernig börn eiga að haga sér, t.d. að vera stillt og þrúð. Á síðari árum hafa hugmyndir um barnæsku þróast enn frekar og tekið mið af samfélagsbreytingum þar sem tengt er við atriði eins og tækniþróun, kynlífsvæðingu og jafnrétti kynja. Til dæmis kemur fram í rannsókn Þórdísar Þórðardóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2016) að enn sé megináhersla á að stúlkur séu þrúðar og stilltar en drengir megi vera óstýrilátir.

Hætt er við að starfshættir í leikskólum endurspegli þessi viðhorf að einhverju leyti, en í niðurstöðum sænskrar rannsóknar kemur fram að þær aðferðir sem leikskólakennarar beita í starfi með börnum endurspegli ólíka sýn og starfshætti (Johansson, 2004). Því má í fyrsta lagi spyrja hversu sterk áhersla er á að fullorðnir viti betur en börn og að nám barnanna sé tengt hugmyndum um þroska, það er að börn læri þegar þau ná ákveðnum þroska. Í öðru lagi hvort og að hvaða marki sú sýn er til staðar í leikskólum að stjórna þurfi hegðun og námi barna með því að beita umbun og refsingu. Í þriðja lagi má skoða hvort sú sýn sé til staðar að umhverfi leikskóla styðji við gagnvirk samskipti og lítið sé á börn sem borgara í samfélagi þar sem lögð er áhersla á lýðræðislega þátttöku þeirra (Dahlberg o.fl., 2007; Johansson, 2004; Prout og James, 2015). Í slíku leikskólasamfélagi er lítið á börn sem samborgara, borin er virðing fyrir þeim og þeim treyst til að hafa áhrif í eigin námi.

Viðfangsefni þessarar rannsóknar tengist einna helst leikskólaumhverfi þar sem eitt meginmarkmiðið er að bera virðingu fyrir tilfinningum og líðan barna. Í leikskólaumhverfinu er lögð áhersla á gagnvirk samskipti og lítið á börn sem samborgara. Þar á líðan barna að vera í forgrunni fremur en að líta á hana sem truflun fyrir kerfið og dagsskipulagið (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016). Við slíkar aðstæður er barninu og þörfum þess mætt á þeim stað sem það er hverju sinni. Að þróa skráningar með áherslu á að fá fram sjónarmið barna getur þannig verið leið til að þróa starfshætti sem styðja við velferð og vellíðan þeirra. Áhersla er lögð á þetta í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) og því getur verið affarasælt að greina á hverju vellíðan barna byggist með því að skoða hvernig stutt er við þátttöku barna í leikskólanum og greina með því þátttöku barna.

Mat á þátttöku barna

Þátttaka barna í ákvarðanatöku, sem varðar þeirra eigin tilveru, leiðir til bættrar líðunar og þau verða færari um að tjá skoðanir sínar (Bae, 2009). Bae (2009) lýsir því í greininni „Children’s Right to Participate – Challenges in Everyday Interactions“ hvernig leikskólasamfélagið endurspeglar þjóðfélagið í þörfinni fyrir valdastrúktúr og reglur. Þótt leikskólastarf verði varla fullkomlega lýðræðislegt þá talar Bae um „lýðræðisleg augnablik“ sem fá að skína í gegn við og við í leik og starfi barnanna. Greinin byggist á rannsókn sem fram fór í leikskóla þar sem safnað var gögnum með myndbandsupptökum úr daglegu starfi yfir heilan vetur. Myndböndin voru greind í samstarfi við leikskólastarfsfólkið sem leitaði eftir þátttöku barna og lýðræðislegum augnablikum í starfinu. Rannsókninni var ætlað að lýsa því hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1989) getur virkað í daglegu starfi. Skýrt kemur fram í niðurstöðunum að því meir sem börn eru studd til þátttöku á eigin forsendum þeim mun betur líður þeim (Bae, 2009). Svipaðar niðurstöður komu fram í rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur (2013). Slík þátttaka er jafnframt í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þarfnast jafnvel algjörar endurhugsunar um hlutverk fullorðinna í starfi með börnum. Bae sér líka fyrir sér að rannsakendur þurfi að taka nýjan pól í hæðina sem krefst þess að lýsa af nákvæmni hversdagslegri reynslu barnanna. Að hennar mati getur nákvæm skoðun

á þátttöku barna varpað nýju ljósi á börn sem samborgara og hvernig þau nálgast umhverfið eftir fjölbreyttum og frumlegum leiðum.

Ef spurt er hvernig meta megi líðan barna út frá því sem Bae (2009) segir þá liggur beint við að byrja á barninu og réttindum þess. Börn eiga rétt á því að þeim sé sýnd virðing, vilji þeirra sé virtur og þau studd til að tjá sig í daglegu starfi. Að mati Bae er þessi réttur í hættu þegar val barna um leikefni og verkefni er gert að formlegu ferli þar sem þau hafa í raun lítið um framboð viðfangsefna og valmöguleika að segja. Slíkt ferli geti litið út fyrir að vera lýðræðislegt en geti gefið börnum og öðrum ranga mynd af lýðræðislegri þátttöku í daglegu lífi. Dæmi um það er þegar boðið er upp á svokallað „val“, þar sem börn skiptast á um að velja leikstöðvar sem í boði eru en börnin, sem fá að velja síðust, hafa ekki úr mörgu að velja, jafnvel er eingöngu einn valkostur eftir, og þurfa því að „velja“ eitthvað sem þau hafa ekki áhuga á þá stundina.

Þau viðhorf skína í gegn í grein Bae (2009) að lýðræðisleg þátttaka barna í daglegu starfi auki ánægju þeirra af dvölinni í leikskólanum. Ef þátttaka barna í starfinu er endurhugsuð út frá því hvernig hana má efla og auka vellíðan barna þá setur Bae fram fjóra þætti: Í fyrsta lagi þarf kennarinn að fylgja eftir frumkvæði barnsins, í öðru lagi að tjá sig og svara börnum af tilfinningu, í þriðja lagi að hafa leikgleðina í fyrirrúmi hjá sjálfum sér og í fjórða lagi þarf kennarinn að hafa þann hæfileika að geta skipt um sjónarhorn og horft frá sjónarhóli barnsins. Þegar kennarinn iðkar þessa þætti ætti næmi hans gagnvart líðan og tilfinningum barna að aukast. T.d. getur kennarinn breytt samverustundum barnahópsins þegar hann sér að þátttaka barnanna er takmörkuð og börnin hafa ekki áhrif á það sem gerist í þessum stundum. Þá ígrundar kennarinn stundirnar og þróar leiðir til þess að auka þátttöku barna, ánægju þeirra og starfsfólks. Með þetta í huga hafa leikskólakennarar í ýmsum löndum skráð námssögur barna í þeim tilgangi að safna gögnum um það sem fram fer til að geta lesið í tjáningu barna, skoðað eigin aðferðir við að lesa í hana og styðja börn til áhrifa (Carr, 2001, 2011; Mayall, 2003).

Námssöguskráning, sem þróuð var í Nýja-Sjálandi, er gerð með það að markmiði að skrá það sem börnin aðhafast með áherslu á styrkleika þeirra og getu (Carr, 2001; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2010). Aðferðin var fyrst byggð á gildum ólíkra menningarhópa (New Zealand Ministry of Education, 1996; Carr og Lee, 2012) en samkvæmt þeim er lögð áhersla á skoða það sem fer fram í barnahópi, m.a. út frá tengslamyndun, vellíðan og sjálfsmynd barna, auk þess að leikskólakennarar ígrundi þær aðferðir sem notaðar eru til að styðja við nám barna (Carr, 2014). Framkvæmd skráninganna fer oftast fram í umhverfi sem börnin þekkja og skráð er með ýmsu móti, svo sem með skriflegri skráningu, ljósmyndum, myndbandsupptökum og hljódupptökum. Hvatt er til þess að skráningar séu ígrundaðar af fullorðnum og börnum m.a. í þeim tilgangi að nýta upplýsingarnar til að hvetja börn í þekkingarsköpun sinni. Í námssögumati er ekki eingöngu lögð áhersla á þekkingu og færni heldur er ferlið skoðað (e. assessment for learning) og ígrundað í kringum áhuga barna og þá færni sem börnin byggja upp í samvinnu við önnur börn og fullorðna (Carr og Lee, 2019).

Þessar skráningar geta verið gott tæki fyrir leikskólakennara sem vilja auka þátttöku leikskólabarna og getur skráningarferlið verið vettvangur fyrir þátttöku þeirra (Heiða Mjöll Brynjarsdóttir, 2015). Áskoranir við skráningu námssagna geta verið annríki, erfiðleikar við að finna tíma til að skrá, ígrunda skráningarnar og miðla þeim (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Gagnrýni á notkun námssagna í mati á námi barna felur í sér að erfitt sé að sýna fram á gildi túlkana, túlkanir séu sjaldnast hlutlægar, skortur sé á leiðsögn í skráningarferlinu og erfiðleikar í því að sýna fram á nám barna til lengri tíma (Blaklock, 2008). Knauf (2017) komst að því í rannsókn í 40 þýskum leikskólum að leikskólakennarar, sem gefa börnum tækifæri til að taka þátt í skráningarferlinu, eru á heildina lítið lengra komnir í skráningaradferðum. Hún segir víðtæka skráningu jafnvel ómögulega án þátttöku barna. Með víðtækri skráningu á hún við að leikur og starf barnsins í leikskólanum endurspeglar í skráningunum á fjölbreyttan og heilðrænan hátt. Þátttaka barna í skráningarferlinu krefst þess að hlustað sé á börn og að þeim sé gefin aukin tækifæri til þess að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau (Lansdown, 2011). Þátttaka leiðir þannig til þroska og betri ákvarðana.

Þátttakendur, vettvangur og aðferð

Þessi rannsókn var samstarfsrannsókn sem miðaði að því að starfsfólk í leikskóla og rannsakendur í háskóla ynnu saman við að þróa aðferðir við mat á námi og vellíðan barna. Leitast var við að líta á alla þátttakendur sem sérfræðinga á sínu sviði þó þeir sinntu ólíkum hlutverkum í leikskólanum og rannsókninni. Segja má að þátttakendur í leikskólanum hafi unnið samkvæmt starfendarannsóknarmódeli, það er að þeir tóku ákvarðanir um hvert þeir vildu stefna, hverju og hvernig þeir vildu breyta starfsháttum. Rannsóknin er kynnt sem samstarfsrannsókn þar sem þátttakendur frá háskólanum, meistaranemi og háskólakennari, höfðu það hlutverk að styðja þátttakendur í leikskólanum við framkvæmd rannsóknarinnar. Hlutverk háskólateymisins var enn fremur að skipuleggja sameiginlega fundi í leikskólunum fimm þar sem fram fór umræða um mat, nám og vellíðan barna auk fræðslu um matsaðferðir sem þátttakendur í leikskólunum töldu sig geta nýtt sér í rannsókninni.

Þátttakendur í leikskólanum voru fimm starfsmenn á einni leikskóladeild, ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Allir þátttakendurnir sex voru konur. Þrjár þeirra eru leikskólakennarar en hinar þrjár störfuðu sem leiðbeinendur og höfðu ekki formlega menntun í faginu. Þátttakendum var öllum gefið dulnefni svo að ekki væri hægt að persónugreina það sem fram kom í viðtölunum.

Þátttakendur voru eftirfarandi:

- Helga aðstoðarleikskólastjóri
- Margrét deildarstjóri og leikskólakennari
- Birna leikskólakennari
- Guðlaug leiðbeinandi
- Steina leiðbeinandi
- Sif leiðbeinandi

Markmið þátttakenda í leikskólanum var að skoða eigin viðhorf gagnvart námi og líðan barna með því að þróa aðferðir við að meta nám þeirra og líðan. Börnin á deildinni voru 24 talsins og voru flest í kringum þriggja ára aldur í upphafi vetrar.

Skipulag rannsóknarinnar var fólgið í því að deildarstjóri leiddi þróunarstarfið í leikskólanum ásamt meistaranema og sérfræðingi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem eru höfundar þessarar greinar. Þeir veittu jafnframt stuðning með reglulegum heimsóknum í leikskólann og umræðum um verkefnið. Deildarstjóri hélt fundi á tveggja til fjögurra vikna fresti með starfsmönnum deildarinnar til að fara yfir stöðuna og setja markmið um næstu skref. Þegar líða tók á rannsóknina skrifaði starfsfólkið námssögur reglulega, ígrundaði og skipulagði starfið út frá þeim.

Meistaranemi bar meginábyrgð á gagnaöflun sem fór aðallega fram með viðtölum við þátttakendur í leikskólanum um framkvæmd verkefnisins og snerist meðal annars um viðhorf þeirra til barna, náms þeirra og vellíðanar. Jafnframt héldu meistaranemi og þátttakendur í leikskólanum dagbækur og áttu bæði skipulögð og óformleg samtöl þar sem rætt var um skráningarnar sjálfar og námssögurnar. Viðtöl voru tekin tvisvar við hvern þátttakanda. Fyrri viðtölin fóru fram haustið 2016 en seinni viðtölin vorið 2017. Auk þess hittist starfsfólk deildarinnar reglulega til að ræða námssögurnar, sem skrifaðar höfðu verið, og meta stöðu verkefnisins. Upptökur af viðtölum voru afrituð og greind. Greiningin fór þannig fram að gögn voru lesin ítrekað, þau flokkuð og loks voru greindir þættir sem annars vegar höfðu áhrif á ferli framkvæmdar verkefnisins og hins vegar vörpuðu ljósi á hugmyndir og reynslu þátttakenda í leikskólanum.

Áður en samstarfsrannsóknin hófst í þátttökuleikskólanum voru farnar tvær formlegar leiðir til að þróa og meta nám barna, þ.e. notkun persónumappa og SMTskólafærni (en SMT stendur fyrir ensku orðin School Management Training). SMTskólafærni er vinnuáæfing sem ætlað er að meta og móta hegðun barna með því að setja jákvæðar skólareglur sem allir framfylgja. Félagsfærni var

kennd og þjálfuð með markvissum hætti og jákvæð hegðun viðurkennd með hrósi. Viðbrögð við óæskilegri hegðun voru samræmd af kennurunum (Miðstöð PMTO foreldrafærni, e.d.). Reglulega voru námskeið fyrir nýja starfsmenn í SMTskólafærni og upprifjunarnámskeið fyrir aðra. Lögð var áhersla á að hafa reglulegar skráningar um hegðunarfrávik og því var fylgt eftir með svokölluðum skráningarvikum. Skráningarvikur voru einu sinni í mánuði, þá var áhersla lögð á að skrá alla neikvæða hegðun og átti það að hvetja til skráninga. Sérkennslustjóri og deildarstjóri fóru yfir skráningarnar og greindu þá einstaklinga sem áttu við hegðunarerfiðleika að stríða, kortlögðu vandann og mátu hvaða aðferðum skyldi beitt til að takast á við hann. Skráningarnar lágu til grundvallar því mati sem gert var á hegðun barna og viðbrögðum. Spyrja má hvernig þessi áhersla á viðbrögð við óæskilegri hegðun tengist skólanámskrá og þeirri áherslu sem byggt er á í því verkefni, sem hér er til umfjöllunar, það er að ganga út frá styrkleikum barna, getu þeirra og líðan.

Persónumöppurnar héldu hver um sig utan um verkefni hvers og eins barns og endurspegluðu sögu þess í leikskólanum. Í möppunum var áhersla lögð á barnið og að efla sjálfsmynd þess með jákvæðum skráningum um það sem barnið fékkst við í leikskólanum. Þær áttu að efla tengsl leikskóla og heimilis með myndum og skráningum. Fastar skráningar voru í möppunni sem tengdust upphafi skólaárs, jólum, afmæli barnsins, sjálfsmyndum, listsköpun ásamt hópskráningum úr starfi leikskólans. Hverjum deildarstjóra var í sjálfsvald sett hvort aðrar skráningar færu í möppuna, hvort sem um var að ræða hópskráningar eða einstaklingskráningar. Eitt af markmiðum þátttakenda í upphafi þessarar rannsóknar var að finna leiðir til að tengja persónumöppurnar við námssögurnar sem lagt var upp með að þróa.

Unnið var út frá eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvernig aðferðir geta nýst til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla?
- Hvaða hugmyndir höfðu þátttakendur í upphafi og í lok rannsóknar um mat á námi og vellíðan?
- Hvaða aðferðir voru þróaðar í leikskólanum?
- Hvaða gildi hefur þátttaka í verkefninu um fjölbreyttar matsaðferðir fyrir starfsfólk og leikskólustarf?

Niðurstöður

Niðurstöðurnar byggja á greiningu þeirra gagna sem aflað var. Fyrst verður greint frá ferli framkvæmdarinnar, hvaða aðferðir voru þróaðar og hver áhrif þátttökunnar í rannsókninni á starf deildarinnar virtust vera. Síðan verður greint frá því hvernig hugmyndir þátttakenda um mat á námi og vellíðan barna voru í byrjun og hvernig þær þróuðust yfir veturinn samfara þátttökunni í verkefninu. Loks verður greint frá því hvernig starfsfólkið sagðist hafa breytt starfinu og eigin hugmyndum um mat á námi og líðan barna.

Í upphafi beindist áhugi þátttakenda að líðan barna í útiveru. Þeir höfðu þá tilfinningu að sumum börnum þætti útiveran erfiður tími og vildu fylgjast með henni. Þegar námssögur höfðu verið skrifaðar í nokkra mánuði komst starfsfólk deildarinnar og meistaraneminn að því að nokkur börn komu aldrei fram í námssöguskráningum. Þar sást tækifæri til að skoða nánar hvað börnin aðhöfðust sem fangaði ekki athygli þeirra sem skrifuðu námssögurnar. Þátttakendur ásamt meistaranema veltu fyrir sér hvernig þessum börnum liði og það varð úr að starfsfólk deildarinnar ákvað að fylgjast sérstaklega með þeim börnum sem voru utanveltu og tóku ekki sýnilegan þátt í samleik. Um miðjan veturinn færðist því áherslan af skráningum í útiverunni á börnin sem komust ekki að í fyrstu námssögum. Þetta varð meðal annars til þess að barnahópnum var oftast markvisst skipt upp í minni hópa. Með þessu móti nýttust upplýsingar úr námssögum til að gefa starfsfólkinu innsýn í líðan barna og þannig opnaðist ný leið til að skoða og meta vellíðan þeirra.

Hugmyndir um mat á námi og vellíðan í upphafi

Það mat, sem framkvæmt var á deildinni fram að rannsókninni, var að mestu huglægt og var ekki skráð niður. Þátttakendur ræddu nám, þroska og líðan barnanna þegar tóm gafst og í almennu spjalli um starfið og börnin. Foreldraviðtöl voru tekin einu sinni á ári og í þeim var líðan barnanna rædd ásamt almennum framförum í þroska. Persónuöppurnar voru notaðar til að skrásetja feril hvers barns í leikskólanum. SMTskólafærni var notuð til að stuðla að jákvæðum reglum á deildinni, til að skrá neikvæða hegðun og veita umbun eftir að barnahópurinn hafði í sameiningu safnað nógu mörgum hrósum. Starfsfólkið hrósaði börnunum með litlum brosspjöldum sem börnin hengdu upp á vegg. Þegar tilteknum fjölda brosspjalda var náð var öllum hópnum umbunað með tilbreytingu, t.d. náttfatadegi, strætóferð eða dótadegi (börn komu með leikföng að heiman).

Mismunandi viðhorf og hugmyndir komu í upphafi fram hjá þátttakendum á deildinni um mat á námi og líðan barna. Í daglegu starfi og skipulagi deildarinnar hafði ekki verið lögð áhersla á aðferðir við að skrá nám og líðan barnanna. Persónuleg reynsla, menntun, upplifun og mismikil meðvitund starfsfólks átti því þátt í hvernig nám og þroski barna voru metin. Viðhorf leikskólakennaranna endurspegluðu faglega þekkingu þeirra og reynslu, þó þeir lýstu persónulegum upplifunum og hugmyndum um aðferðir í starfi með börnum á mismunandi hátt. Það sama má segja um leiðbeinendurna, sem lýstu í upphafi ólíkum hugmyndum en í lokin virtust fagleg sjónarmið þeirra hafa styrkst.

Viðhorf leikskólakennara í upphafi vetrar

Áherslur í viðhorfum leikskólakennaranna voru um margt ólíkar, en höfðu þó tengingu við faglega reynslu þeirra og þekkingu. Birna, leikskólakennari, vildi að börnin hefðu meira frelsi en Margrét, deildarstjóri, taldi best að skipulagið væri í föstum skorðum. Þegar Birna talaði um frelsi átti hún við að börnin hefðu frelsi til að ákveða hvað þau vildu gera en Margrét taldi best að skipta hópnum niður með það að markmiði að börnin kæmst í leik. Hún sagði: „Það er svo gott að heyra „vinnuklið“ þegar öll börnin eru ánægð í leik og starfi.“

Margrét sagðist ekki hugsa um það sem börn endilega gætu heldur hvort ró væri í leik. Það fannst henni vera mælikvarði á nám og líðan barna. Ef börn undu sér í leik, án hávaða, truflunar eða þarfar á aðstoð frá fullorðnum þá var það að hennar mati góðs viti. Hún vildi skapa góðar námsaðstæður fyrir börn en sagði: „... mér finnst starfið oft snúast mikið um að reyna að minnka „kaosið“ til að starfsfólki og börnum líði betur.“ Hún talaði um að stundum snerist starfið aðallega um að slökkva elda í samskiptum barnanna. Væntingar hennar til námssagna fólust í því að námssögurnar gætu gefið meiri vitneskju um börnin og þar með upplýsingar sem gætu nýst í mati. Þannig fannst henni að námssögur byggðu ekki á „almennri tilfinningu leikskólakennarans fyrir börnunum heldur að þær gætu verið innsýn inn í getu og líðan barnsins“.

Birna, leikskólakennari, sagði í upphafi að hún vildi meta án inngripa, þ.e.a.s. að standa utan við leik barnanna og fylgjast með án þess að bregðast strax við. Henni líkaði ekki þegar samstarfsfólk greip inn í samskipti barnanna og taldi það ekki til bóta. Að hennar mati gæti inngripnið leitt til þess að raunveruleg tjáning barna væri heft. Einnig væru samskipti og tjáning barna oft stoppuð, til dæmis ef leikur var ærslafullur eða jafnvel til þess að láta börn pissa. Að hennar mati kæmi raunveruleg geta barnanna fram í óheftum leik og því þyrfti að skoða leik þeirra. Birna orðaði þetta svona: „Það þarf ekki að meta hvað þau kunna, heldur hvað þau eru að gera ... skoða hvað er í gangi hjá barninu núna.“ Hún taldi að jafnframt þyrfti að styðja börn í því að fylgja sínu áhugasviði og fylgjast svo með framförum barnanna, einblína þyrfti á nútíðina en taka fortíðina ekki of mikið með í reikninginn.

Birna nefndi dæmi um barn sem stæði á höndum þegar ætlast var til að það sæti kyrrt. Hún taldi það ekki merki um að barnið kynni ekki að sitja kyrrt heldur að það hefði ekki haft áhuga á að fylgja reglum sem voru settar í viðkomandi kringumstæðum. Að mati Birnu sýndi þessi hegðun ekki eingöngu fram á nám barnsins eða líðan heldur ekki síður að barnið vildi ekki fylgja ákveðnum reglum í ákveðnum kringumstæðum.

Viðhorf leiðbeinenda í upphafi vetrar

Viðhorf Steinu, leiðbeinanda, var nær viðhorfum leikskólakennaranna, sem þó voru orðuð á ólíkan hátt, en fólu í sér sýn á getu barna og líðan sem mikilvæg atriði. Hún lagði áherslu á að fá vitneskju um það sem börn gætu gert og hún vildi að einblínt væri á það í starfinu. Hún taldi það vera mælikvarða á nám og líðan barna hvernig þau sýndu færni sína og ættu í samskiptum við önnur börn. Ef hún sá barn benda á þríhyrning og segja: „Þetta er þríhyrningur“, þá fannst henni það sýna fram á nám barnsins.

Fram kom það sjónarmið að mat ætti fyrst og fremst að snúast um þann hluta leikskólastarfsins sem sneri að þeim aðferðum sem starfsfólk beitti og hvernig mætti bæta þær. Þetta kom fram hjá Guðlaugu, leiðbeinanda, sem hugsaði í upphafi um mat út á við, ekki út frá hverju barni. Hún taldi að meta þyrfti aðferðir leikskólans. Meta þyrfti starfið og finna út hvað gengur vel og gera svo meira af því. Aðferðirnar, sem notaðar væru til að kenna börnunum, þyrfti einnig að meta, skrá hvað væri gert og hvernig það virkaði. Hennar skoðun var að matið væri þannig á heildstæðu plani en ekki út frá hverju barni. Hennar hugmynd var að það þyrfti að skrá hjá börnum ákveðna þætti og þær skráningar myndu haldast milli deilda þannig að hægt væri að fylgjast með framþróun hvers barns. Þannig myndi þekkingin fylgja barninu. Henni fannst mikilvægt að vinna skráningar því annars væri hætt við að mörg atriði gleymdust.

Jafnframt kom fram sú hugmynd að mat hefði aðallega þann tilgang að bæta hegðun barna. Til dæmis kom fram hjá Sif, leiðbeinanda, að í leikskólastarfinu væru börnin metin svo að hægt væri að bæta hegðun þeirra til þess að starfið gengi betur í leikskólanum. Hún talaði ekki um að meta nám barna eða líðan þeirra. Hún leit ekki svo á að verið væri að skoða hegðun barna til að geta metið líðan þeirra heldur taldi hún að litið væri á hegðun einungis í þeim tilgangi að geta lagað hana, t.d. með því að styðjast við broskallakerfi eða önnur viðbrögð sem styddu við rétta hegðun. Leiðbeinendurnir tjáðu viðhorf sín með mismunandi hætti, líklega að hluta til tengt persónulegri reynslu þeirra, en jafnframt mátti greina áhrif frá skólastefnunni, t.d. þegar rætt var um hegðunarvanda barna.

Ígrundun leið til að brúa ólíka sýn leikskólakennara og leiðbeinenda

Í fyrri viðtölunum tjáðu leikskólakennararnir sjónarmið sem virtust tengd þróun á fagmennsku þeirra. Þeir notuðu faglegan orðaforða, svo sem ígrundun, meðan leiðbeinendurnir tengdu umræðuefnið meira við eigin framkvæmd í starfinu eða annars konar viðhorf, svo sem bættu hegðun barna.

Við skoðun á þessari mismunandi sýn starfsfólks deildarinnar hefur komið í ljós hversu mikilvægt er að ígrunda þessar námssögur með samstarfsfólki, ekki einungis að skrá þær, og þannig deila þeirri mynd sem námssögurnar gefa af námi og líðan barna. Þetta má tengja við sögu sem Birna sagði um hóp stráka sem léku sér úti í ofurhetjuleik. Birna fylgdist með þeim og taldi að í leiknum væru þeir að æfa sig í því sem þeir þorðu tæplega að gera, hún sagði: „Þeir voru að æfa sig að vera hræddir.“ Birna vildi leyfa leiknum að þróast en hann var stöðvaður af öðru starfsfólki. Til að varpa ljósi á þessar aðstæður og styrkja innsýn starfsfólks í þær taldi Birna að skráning námssagna um atvik sem þetta gæti orðið gagnleg sem efni til ígrundunar fyrir nýja starfsmenn og fyrir faglegt samstarf einstaklinga í leikskólanum. Með því móti fannst Birnu að þannig væri hægt að samstillu leikskólastarfið.

Segja má að ríkjandi viðhorf á deildinni hafi verið að nokkru leyti í samræmi við markmið þessarar samstarfsrannsóknar. Helga, aðstoðarleikskólastjóri, hafði mikinn áhuga á þessari rannsókn og sérstakan áhuga á líðan barnanna fremur en að hún legði sérstaka áherslu á að börn lærðu hefðbundið námsefni, svo sem lestur og stærðfræði. Hún sagði: „Það er starf leikskólakennarans að meta líðanina ... svo kemur allt hitt í kjölfarið.“ Hún var sú eina sem talaði um öryggi barnanna. Þá átti hún ekki við líkamlegt öryggi heldur tilfinningalegt öryggi. Hún sagði það lýsa líðan barnanna hversu mikið öryggi þau virtust finna í leikskólanum. Það héldist í hendur.

Að hennar mati væri öryggi í aðstæðum birtingarmynd sjálföryggis þeirra. Helga leit svo á að stuðningur við öryggi barna væri eitt af meginatriðum þess sem fram ætti að fara í leikskóla, því þyrfti starfsfólkið að ræða hvernig styðja mætti við öryggi barna.

Helga taldi mikilvægt að lesa í tjáningu barna og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Hún sagði að meta þyrfti hvað þau tjáðu hverju sinni, hér og nú. Hún nefndi dæmi um barn sem vildi ekki fara í kuldagalla til að fara í útiveru. Skoða þyrfti og ígrunda hvers vegna barnið vildi ekki fara í gallann og út. Ekki mætti einfaldlega ætla að barnið væri óhlýðið af því að það vildi ekki fara í gallann, heldur þyrfti að horfa á ástæður að baki tjáningu barnsins. Reyna þyrfti að fá fram ástæður fyrir því að barnið mótmælti því að fara í flíkina. Mögulegar ástæður gætu verið að barnið vildi ekki láta stjórnara sér, það vildi ekki fara út eða að það vildi ekki hætta því sem það var að gera. Helga orðaði þetta svona: „Það má ekki afskrifa börn út af hegðun þeirra, það er alltaf eitthvað sem býr að baki.“ Hún sagði að leikskólastarfsfólk yrði að gera sér grein fyrir því að börn tjáðu sig ekki eingöngu með orðum heldur einnig með hegðun sinni. Þeir sem ynnu með börnum þyrftu sífellt að skoða og ígrunda hvort það væri eitthvað í starfinu sem ylli þeim vanlíðan.

Skoðun Helgu, þegar hún ræddi um mat, var sú að meta þyrfti heildstætt líðan barnsins yfir allan daginn, alveg frá því að það mætti og þar til í lok dagsins. Vanlíðan barns gæti endurspeglast í því að kannski hæfist dagurinn á því að barnið vildi ekki fara úr útifötunum, svo lemdi það einhvern, svo kæmu fram fleiri þættir þar sem barnið hegðaði sér undarlega og loks vildi það ekki vera úti að leika. Skoða þyrfti hvort þetta gæti mögulega allt verið tengt. Helga sagði: „Þessi tjáning gæti verið svo margt ... ákall eftir athygli ... að barninu þyki erfitt að vera í hópi ... eða að eitthvað hafi gerst heima fyrir.“ Að mati Helgu snerist þetta um að lesa í tjáningu barnsins, hvort hún gæti þýtt að barnið upplifði eitthvað óöryggi sem birtist á ýmsa vegu yfir allan daginn. Til að fá þessa yfirsýn um daglega líðan barns þyrftu starfsmenn að miðla upplýsingum sín á milli.

Samhljómur var í upplifun þátttakenda í upphafi vetrar í þá veru að skráningar væru ekki nægar í leikskólastarfinu. Þeim fannst að talað væri um hlutina á óskipulegan hátt þegar fólk hittist af tilviljun á vinnustaðnum og ekki væru notaðar aðferðir til að skrá, ígrunda og fjalla skipulega um það sem skráð var. Allir töluðu þeir um að hægt væri að komast að ýmsu um börnin með því að fylgjast með leik þeirra. Þeir höfðu allir ólíka skoðun á inngrípi í leik barnanna. Einn vildi leyfa leiknum að þróast án inngrípa en annar vildi stöðva slæma hegðun í leik fljótt. Nokkrir voru uppteknir af því að tala um hegðun barnanna, að henni þyrfti að breyta ef þörf væri á. Allir minntust þeir á einn eða annan hátt á að lítill tími væri til að vinna að skráningum og til ígrundunar um þær en vonuðust til að fá tíma til að þróa sig áfram með þátttöku í rannsókninni. Guðlaug, leiðbeinandi, nefndi „spennu“ fyrir rannsókninni því hún hafði upplifað að sjá eitthvað áhugavert í leik barna en ekki haft tíma til að skrá það. Hún sagði: „Þarna var eitthvað í gangi sem kannski hefði verið hægt að læra af ... það var eitthvað meira þarna.“ Hún vildi læra meira um það hvernig hægt væri að meta nám barnanna og líðan. Síf upplifði svipað þegar hún skrifaði fyrstu námssöguna sína. Hún upplifði fallegan samleik nokkurra barna, varð uppnumin af því hversu fær þau voru í samskiptum og hversu mikil samhygð bjó innra með þeim. Hún sagði að þarna hefðu þau verið að vinna úr ýmsu sem þau hefðu heyrt og séð og notað það í leik.

Þróun hugmynda og aðferða

Á reglulegum fundum deildarinnar, sem haldnir voru á tveggja til fjögurra vikna fresti, fór fram nánari samræða um skráningar og verkefnið í heild sinni. Þessir fundir reyndust mikilvægir fyrir þátttakendur til að ræða og ígrunda það sem fram fór á deildinni. Nefnt var í seinni viðtölunum að fundirnir hefðu jafnvel mátt vera tíðari en einnig kom fram að á fundunum virtist skilningur á börnum og aðstæðum þeirra aukast þegar skráningarnar voru ræddar nánar.

Þegar í ljós kom að sum börn rötudu síður í skráningar þátttakendanna var rætt hvort sum börn birtust í mörgum sögum vegna þess að þau ættu auðveldara með að tjá sig með orðum og væru

jafnvel skapandi í leik. Svo virtist sem þau börn á deildinni, sem voru ekki með eins góðan orðaforða og önnur börn og/eða ekki eins fær í annars konar tjáningu, yrðu út undan í skráningu námssagnanna. Þetta var tekið til frekari umræðu og ígrundunar. Rætt var um hvað þessi börn hefðu fyrir stafni, hver væri þroski þeirra og hvernig þeim líði. Tekin var ákvörðun um að fylgjast með börnum sem við nánari skoðun virtust vera svolítið utanveltu í barnahópnum, en það kom sérstaklega fram þegar börnin höfðu frjálst val um viðfangsefni.

Þegar þátttakendur í leikskólanum höfðu fylgst með nokkrum börnum, sem höfðu ekki áður birst í námssögum, komust þeir að því að sum börn á deildinni virtust ekki taka þátt í leik af einhverjum ástæðum. Sömu börn virtust ekki eiga nána vini og þeim almennt ekki líða vel í leikskólanum. Skoðað var hvernig hægt væri að styðja þessi börn. Í framhaldi af því var ákveðið að skipta börnunum í minni hópa, helmingur hópsins færi út að leika og hinn helmingurinn væri inni að leika. Með þessum hætti gat starfsfólkið hugað betur að því sem fram fór í barnahópnum og gefið sig meira að leik þeirra, auk þess sem minni hávaði varð þegar færri börn voru í sama rými. Starfsfólkið náði betri tengslum við börnin, þau sem áður höfðu verið utanveltu byrjuðu að opna sig meira og starfsfólkið sagðist sjá bætta líðan hjá þeim. Starfsfólkið hefði traúðla séð líðanina hjá börnunum sem voru utanveltu ef það hefði ekki fylgst með börnunum og skráð það sem fyrir augu bar. Flestir þátttakendurnir nefndu í síðari viðtölunum að skráningarnar hefðu hjálpað þeim að sjá betur líðan barnanna.

Námssögurnar, sem þróaðar voru yfir veturinn, voru líkar þeim sem lagt er upp með samkvæmt námssöguaðferðinni. Sögurnar voru í byrjun mjög langar, allt að einni fullskrifaðri A4-blaðsíðu. Með tímanum styttust sögurnar og urðu hnitmiðaðri. Sögurnar innihéldu flestar ljósmyndir og einnig var sagt í stuttu máli frá því sem eitt barn eða fleiri gerðu í leik sínum. Starfsfólk deildarinnar útbjó í sameiningu greiningarblað þar sem helstu þroskaþættir voru útlistaðir og var geta og líðan barnanna greind út frá því. Þetta ferli voru þátttakendur í leikskólanum ánægðir með.

Breytt viðhorf og nýjar aðferðir við skráningu

Í lok vetrar sögðust allir, bæði leikskólakennararnir og leiðbeinendurnir, hafa lært af því að skrá námssögur. Það sem leikskólakennararnir tjáðu sig um bar gjarnan vott um að þeir störfuðu í fagi sem þeir höfðu menntað sig í. Eftir veturinn fannst Margréti hún hafa fengið tækifæri til að virkja það sem hún hafði lært í gegnum tíðina. Henni fannst hún hafa fengið tæki til að meta nám og líðan barnanna. Henni fannst þetta hafa skerpt fagvitundina hjá sér og öðrum.

Segja má að allir þátttakendur í leikskólanum hafi öðlast betri skilning á því sem fram fór í barnahópnum, að sýn þeirra gagnvart börnum hafi breyst og þeir hafi jafnvel nálgast sjónarhorn barnanna betur. Meðal annars fannst Birnu, leikskólakennara, hún hafa fengið betri innsýn í sjónarmið barnanna. Henni fannst hún hafa aukið skilning sinn á því sem fram fór hjá börnunum og gerði það starf hennar markvissara. Henni fannst þátttaka í verkefninu hafa opnað augu allra á deildinni, sérstaklega á meðal leiðbeinendanna. Birnu fannst starfsfólk deildarinnar sjá ágreining milli barnanna með öðrum hætti en áður. Henni fannst starfsfólkið geta greint ágreininginn betur og reynt að vinna úr honum í stað þess að láta hann pirra sig eða að stimpla börn sem ómöguleg. Hún sagði námssögurnar nýtast við að hjálpa starfsfólkinu að „vera vakandi einmitt fyrir því hvað er í gangi hjá börnunum og horfa á hvernig þeim líður; horfa á hvort þau eru að læra eitthvað. Eru þau að gera eitthvað sem þau hafa virkilega áhuga á? Ekki bara setja þau í púsl við borð“.

Fram kom í máli leiðbeinendanna sjálfra að þeir höfðu allir lært af þátttöku í verkefninu þó að þeir lýstu því á ólíkan hátt. Steina sagðist vera opnari eftir veturinn og að hún fylgdist öðruvísi með börnunum. Hún nefndi nokkrum sinnum í seinna viðtalinu líðan barnanna og að hún liti nú á hana öðrum augum. Henni fannst námssöguaðferðin bjóða upp á að vera „opin fyrir hverjum einstaklingi fyrir sig og styðja við þá hæfileika sem hann hefur og passa upp á að börnunum líði vel ... passa upp á hvern einstakling og styðja hann. Það er enginn eins og allir með sérþarfir“.

Undir lok rannsóknarinnar kom einnig fram breytt sjónarmið hjá Steinu. Hún taldi þá að hegðun væri ekki eitthvað sem þyrfti að lagfæra, mikilvægara væri að hlúa að vellíðan barnanna.

Með þessu móti höfðu leiðbeinendurnir þróað faglega hugsun sína. Guðlaug sagði til dæmis að verkefnið hefði mótað hana mikið um veturinn og þróað fagvitund hennar. Sagðist hún hafa orðið meðvitaðri um líðan barna og gagnrýnni á störf sín. Hún taldi að námssöguaðferðin virkaði mjög vel með því starfi sem unnið var á deildinni. Hún upplifði að það að búa til sögur og reyna að komast inn í hugarheim barnsins í leiknum hjálpaði henni að skilja barnið betur. Henni fannst það sem hún hafði lært um veturinn vera mjög mikilvægt og og sagði: „Það þarf að fræða allt nýtt starfsfólk um leikinn og hvað hægt er að læra um börn í gegnum hann ... um líðan þeirra og nám.“ Þannig fannst henni að skráningarnar opnuðu henni nýjar dyr inn í heim barnanna.

Leiðbeinendurnir urðu þannig meðvitaðir um hugmyndir barnanna og hvernig mætti styðja börnin við að þróa þær. Sif, leiðbeinandi, nefndi strax í upphafi seinna viðtals líðan barna. Hún sagðist hafa hugsað um hugarástand barnanna og hvar þau væru stödd í getu og þroska. Hún taldi sig vera farna að sjá þroska barnanna í gegnum sögurnar og að þær sýndu henni hvar væri hægt að styðja við þroska og leik barnanna. Eftir að hún hóf að skrá námssögur gat hún hjálpað barni, sem hún sá að lék sér ekki, og fundið viðfangsefni við hæfi þess. Þegar hún fylgdist með einstaka barni í leik sá hún að sum barnanna, sem hún hélt að væru í leik, gengu bara í hringi og komust ekki inn í leik með öðrum börnum. Hún sagðist horfa á leikinn og sjá hvernig börnunum liði, lesa í tjáningu sem hún hefði ekki tekið eftir fyrir. Hún nefndi sem dæmi þegar hún fylgdist með barni: „... það kom samt út eins og hún væri í leik ... hún var bara að labba eitthvað um í salnum ... ef maður væri ekki búinn að fylgjast með þá myndi maður halda að hún væri búin að vera í leik.“ Þannig upplifði Sif að vinnan við þetta verkefni hefði hjálpað henni að setja sig í spor barnanna, að horfa á aðstæður út frá þeirra sjónarhorni og reyna að meta hvernig þeim liði. Hún sagðist sjá betur út frá skráningunum þau börn sem voru ekki þátttakendur í leik með öðrum börnum. Að mati Sifjar var leikurinn „ekki lengur eitthvað sem börn voru bara sett í“ heldur sá hún leikinn sem leið til að skilja betur líðan barnanna.

Þessi innsýn, sem varð sterkari hjá starfsmannahópnum í heild sinni, varð svo til þess að skipulagi deildarinnar var breytt. Þátttakendur töluðu allir um að vinnan við rannsóknina hefði hjálpað þeim við að sjá þörf fyrir skipulagsbreytingar. Þeir sáu að það hæfði ekki sumum börnum að vera saman og skipulögðu það því þannig að þau börn, sem þeim fannst ekki geta verið saman, voru sett í sinn hvorn hópinn og hóparnir ekki látnir skarast nema sjaldan yfir daginn. Það jók vinnufriðinn auk þess sem börnin virtust ná betur saman þegar þau hittust í styttri tíma. Sumir þátttakendanna sáu samskipti barna á annan hátt eftir að þeir hófu að skrá námssögur. Fyrsta upplifun Guðlaugar af því að skrá námssögur var sú að hún kæmi auga á fleira en hún hefði séð í fyrstu. Allir þátttakendur lýstu reynslu sinni eftir veturinn þannig að skráning námssagna og ígrundun þeirra hefði orðið til þess að auðvelda mat á námi og líðan barna. Sumir þeirra tjáðu þá skoðun sína að skráning námssagnanna hefði hjálpað þeim að sinna betur því mati sem *Aðalnámskrá leikskóla* kveður á um að leikskólar skuli inna af hendi.

Markvissari vitund um nám og líðan barna

Þátttaka starfsfólksins í rannsókninni opnaði augu flestra fyrir því hversu gagnleg skráning námssagna gæti reynst til að gefa þáttum sem varða nám og líðan barna betur gaum. Í viðtölunum kom þó fram að þátttakendur höfðu mismunandi sýn á hvernig mat ætti að fara fram. Birna orðaði það þannig að „þegar mat fer fram þarf að stoppa til að hugsa hvað við sjáum í tjáningu barnsins“. Að hennar mati væri hægt að ígrunda sögurnar og greina ýmsa færni hjá börnunum, svo sem félagsfærni eða grófhreyfingar, í stað þess að velta fyrir sér hegðunarvandamálum. Þannig væri hægt að sjá hjá börnunum hvort þau myndu fyrir öryggi í eigin líkama og í félagslegum aðstæðum. Við nánari ígrundun á því sem fram fór töldu þátttakendur sig geta orðið meðvitaðir um líðan barnanna og jafnvel geta séð jákvæða hluti í neikvæðri hegðun. Með því móti gætu þeir stutt börnin í að öðlast sjálfstraust og styrk til að upplifa sig sem getumikla og færa einstaklinga.

Í lok vetrar töldu þátttakendurnir sig vera orðna meðvitaðri um nám og líðan barnanna yfir veturinn. Þeim fannst þeir hafa þjálfast í að greina betur hvað var í gangi í leik barnanna og þannig væri auðveldara að grípa inn í aðstæður. Þátttakendur tóku jafnframt eftir börnum sem tengdust ekki öðrum börnum og virtust ekki una sér í leik. Þegar leið á veturinn urðu þeir áráðnari í að mæta hverju barni þar sem það var hverju sinni. Í gögnum rannsóknarinnar má oft greina þetta, líkt og sjá má í tveimur dæmum. Annars vegar birtist þetta þegar Guðlaug fylgdist með stelpu í leik og kom auga á hversu mikið frumkvæði og sjálfstraust hún sýndi. Þar áttaði Guðlaug sig á því – sem var ekki ljóst í hennar huga áður – hversu fær stelpa var, jafnvel í samskiptum við eldri börn. Annað dæmi átti sér stað þar sem önnur stelpa lék sér í salnum og Sif fylgdist með henni í 20 mínútur. Sif skrifaði hjá sér: „Ef ég hefði ekki fylgst með henni hefði litið út eins og hún hefði verið í miklum leik því að hún var á mikilli hreyfingu.“ Skráningin sýndi að hún var dugleg að fara um og hafa ofan af fyrir sér en hún hafði ekki samskipti við önnur börn. Þátttakendur áttuðu sig á því að þrátt fyrir að sum börn virtust í fljótu bragði vera að leika sér og jafnvel í samleik við önnur börn þá gat komið fram við nánari skoðun á skráningum að þau hefðu ekki verið í leik og virtust vera út undan í hópnum. Þeir gerðu átak í að reyna að fylgjast með þessum börnum og styðja þau til þátttöku í leik með öðrum börnum. Það gerðu þeir með því að leika við þau og fara með þeim inn í leik annarra barna.

Fram kemur í gögnum rannsóknarinnar umræða um að tíma skorti fyrir námssöguskráningar í leikskólastarfið sem er afar krefjandi. Í daglegu starfi er mikið um að vera, starfsfólk hefur í mörg horn að líta og því ekki alltaf tækifæri til að taka eftir og lesa í ólíka tjáningu barnanna. Þátttakendur töluðu um að leikskólakennarar þyrftu tíma til að spjalla um verkefni dagsins, hvernig börnunum liði, hverjar væru áskoranirnar hverju sinni og auk þess að upplýsa nýja starfsmenn og leiðbeinendur um það sem fram kæmi í skráningum um börnin. Í fyrri viðtölunum kom fram mismunandi sýn þátttakendanna á nám og líðan barna en þegar leið á veturinn urðu vinnubrögð þátttakenda samræmdari. Þeir fóru að vinna meira sem ein heild með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Undir lok vetrarins má lesa í rannsóknardagbók meistaranema: „Það er mín upplifun að fagmennska þeirra [þátttakendanna] hafi aukist. Þær eru komnar með meiri orðaforða til að tala um börnin og þær eru orðnar betri og fljótari til að ígrunda börnin og eigin starfshætti.“ Starfsfólkið hafði orðið meðvitaðra og þar með varð samstarf þess meira gefandi. Áskoranirnar í leikskólastarfinu voru orðnar að verkefnum sem þátttakendur tókust á við samhentir.

Umræður

Tilgangur samstarfsrannsóknarinnar, sem þessi grein fjallar um, var að starfsfólk leikskóladeildarinnar, sem tók þátt í rannsókninni, þróaði aðferðir við mat á námi og vellíðan barnahópsins. Fram kom í upphafi að markmið þátttakenda með starfi sínu væri að börnunum liði vel og það væri góð tilfinning á deildinni. Þátttakendur sýndu áhuga á því að mæta betur kröfum Aðalnámskrár leikskóla um þróun aðferða til að meta nám og líðan barna. Upplifun starfsfólks deildarinnar í upphafi var að skráningar væru í lágmarki og þeim þyrfti að fjölga til að betri mynd fengist af námi og líðan barnanna.

Með innleiðingu námssagna varð vitundarvakning á meðal starfsfólks deildarinnar gagnvart því sem fram fór í leik barna og hvernig mátti greina betur sjónarmið þeirra. Í upphafi samstarfsrannsóknar mátti greina að það sem þátttakendum þótti skipta máli í starfi deildarinnar var að börnin hegðuðu sér vel og að grípa þyrfti inn í þegar eitthvað færi úrskaiðis á milli barnanna. Í lok rannsóknarinnar kom fram að þátttakendur höfðu þróað með sér ný viðhorf. Námssöguskráningarnar gerðu flestum þátttakendum kleift að greina sjónarmið barnanna og að lesa betur í líðan og áhuga þeirra, sérstaklega virtust leiðbeinendurnir auka innsýn sína í líðan barna. Þetta er í samræmi við það sem kom fram í rannsókn Kristínar Karlsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur (2008) um áhrif skráninga á sýn leikskólakennara og leiðbeinenda á börn.

Þátttakendur tileinkuðu sér að fylgjast með leik barnanna, skrá og ígrunda hvaða nám færi fram hjá börnunum og hvernig líðan þeirra birtist. Þeir komust jafnframt að því að námssögurnar

reyndust nýtast vel með öðrum skráningum, sem gerðar voru í leikskólanum, og tengjast persónumöppunum. Þeim fannst henta vel að setja námssögurnar inn í persónumöppurnar sem myndu síðar fylgja barninu yfir á næstu deild. Með því væri auðveldara að fylgjast með námi barnsins, getu þess og líðan. Persónumöppunum er einmitt ætlað að endurspeglar hið jákvæða hjá barninu en það líkist því sem er meginmarkmið í námssöguskráningum – að hafa styrkleika barna í forgrunni (Carr, 2001; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2010).

Hugmyndir og sjónarmið þátttakendanna um börn, þroska þeirra og hlutverk virðast tengjast því hversu mikil hugsun og ígrundun hefur farið fram hjá hverjum og einum. Í fræðilega kaflanum var rætt um viðhorf til barna, þátttöku þeirra, velferð og vellíðan. Þegar starfsfólk deildarinnar ígrundaði starfshætti sína og hugmyndir um hvernig nám og líðan barna væru metin þá fór af stað ferli sem skilaði sér í að allir þátttakendur töluðu um að meiri tenging hefði orðið við nám barnanna, líðan þeirra og hugðarefni (Bae, 2009). Leikskólakennararnir styrktust í fagmennsku sinni, því sem þeir höfðu áður lært og prófað, orðræða þeirra fól í sér fagorð og umræða þeirra endurspeglar skilning á markmiðum og tilgangi skráninga eins og kom fram í rannsókn Heiðu Mjallar Brynjarsdóttur (2015). Auk þess kom fram í orðum Guðlaugar mikilvægi þess að meta starfið og gæði þess sem er í samræmi við þau viðhorf og aðferðir sem hafa verið stunduð í sænskum leikskólum (Broström, Jóhanna Einarsdóttir og Pramling Samuelsson, 2018; Jóhanna Einarsdóttir, 2017).

Leiðbeinendurnir þrír töluðu um hversu mikið þeir hefðu lært yfir veturinn. Þeir öðluðust aukna vitund um nám og líðan barnanna. Þeir þróuðust frá því að hugsa um hegðun barnanna sem eitthvað sem þyrfti að móta og laga (Miðstöð PMTO foreldrafærni, e.d.) yfir í að ígrunda hvaða nám hefði farið fram hjá börnunum í mismunandi kringumstæðum. Þannig jókst virðing þeirra fyrir tilfinningum og líðan barnanna og þeir sáu börnin sem samborgara sem hægt væri að leiðbeina (Bae, 2009). Sú sýn, sem fram kom hjá Helgu, aðstoðarleikskólastjóra, nálgadist það að verða að veruleika, þ.e. að börnin upplifðu tilfinningalegt öryggi í leikskólanum (Bae, 2009; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).

Óljóst er hvernig hægt er að tengja námssöguskráningar, þar sem áhersla er á nám og líðan barna, við SMT hugmyndafræðina. Í þessu tvennu má greina andstæð grundvallarviðhorf. Annars vegar eru í markmiðum námssöguskráninga styrkleikar barna í forgrunni en hins vegar er í upphafi SMT horft til óæskilegrar hegðunar þeirra. Í viðtölunum kom ekki fram umræða um SMT en einn leiðbeinandinn talaði í fyrri viðtalinu eins og hún væri undir áhrifum frá SMT. Hún notaði t.d. orðalag eins og að bæta og lagfæra hegðun. Notkun leikskólans á SMT byggist á því að skrá óæskilega hegðun barna og reyna að setja jákvæðar reglur um hvernig brugðist skuli við henni. Námssögurnar hafa getu og hæfni barna í forgrunni og því spurning hvort meiri upplýsingar um styrkleika barna gætu nýst í leit að leiðum til að styðja við jákvæða hegðun þeirra. SMT er verkfæri sem að mestu er notað á forsendum kennara. Þátttaka barna er einungis fólgin í því að velja umbun þegar skilyrðum um jákvæða hegðun er mætt af hálfu barnsins. Ef skráning á að vera á forsendum barna þurfa þau að taka þátt í ákvarðanatöku og skráningarferlinu (Knauf, 2017). Reyndsla þátttakenda af rannsókninni, sem fjallað er um í þessari grein, var að skráning námssagna og ígrundun á þeim hefði haft jákvæð áhrif á hegðun barnanna og starf deildarinnar. Því er það áhugavert áframhaldandi rannsóknarefni hvort hægt sé að samræma námssöguskráningu og SMT hugmyndafræðina eða hvort námssöguskráningar geti komið í staðinn fyrir SMT og þannig byggt upp reglur á jákvæðum nótum sem fela í sér sjónarmið barna.

Námssöguaðferðin var notuð til að þróa skráningar sem veittu innsýn í hugarheim barnanna og nýttust sem viðbót inn í persónumöppurnar sem fylgja börnunum í gegnum leikskólagöngu þeirra. Þátttakendur voru spenntir yfir því að hafa þróað nýjar leiðir til að fylgjast með námi og líðan barnanna með því að skrá námssögur. Leikskólakennurunum á deildinni fannst þeir hafa notað svipaðar aðferðir í gegnum tíðina en tóku þessari aðferð fagnandi og tileinkuðu sér gerð námssagna. Leiðbeinendunum, sem kynntust í fyrsta sinn þessari aðferð, kom skemmtilega á óvart hversu mikla innsýn þeir öðluðust inn í það sem fram fór í leik barna. Þeir töluðu um að þetta

væri aðferð sem þeir myndu tileinka sér í áframhaldandi starfi sínu. Þátttakendurnir ýjuðu sjálfir að því að þeir hefðu mátt standa sig betur og gera meira en tilfinningin hjá greinarhöfundum eftir rannsóknarveturinn og úrvinnsluna er að þátttakan í samstarfsrannsókninni hafi haft djúpstæð áhrif á þátttakendur og starf deildarinnar sem muni skila sér í faglegra starfi og breyttum hugmyndum um nám og líðan barna. Mikilvægi rannsóknarinnar er sérstaklega fólgið í gildi hennar fyrir hina ófaglærðu starfsmenn, leiðbeinendurna. Þeir tóku virkan þátt í öllu ferlinu og var hlustað á sjónarmið þeirra til jafns við aðra. Leiðbeinendurnir öðluðust nýja sýn inn í leikskólastarfið og þar með má ætla að áhugi þeirra hafi eflst við að bæta eigin vinnubrögð. Áhugi þeirra á að afla sér frekari menntunar jókst, bæði hvað varðar það að hafa áhuga fyrir að fara í leikskólakennaranám og með því að sækja námskeið um starf með börnum í leikskóla. Samstarfsrannsókn sem þessi, þar sem lagt er upp með jafna þátttöku leiðbeinenda og leikskólakennara, virðist góð aðferð til að gefa leiðbeinendum innsýn í faglega starfshætti í leikskóla og auka áhuga á starfinu sem slíku.

Þegar horft er til framtíðar og velt fyrir sér hver áhrif þátttökunnar virðast vera þá kemur einkum tvennt upp í hugann. Í fyrsta lagi er það mikilvægi þess að leikskólar taki þátt í verkefnum sem fela í sér ígrundun á eigin starfsháttum. Skráningarnar kölluðu á ígrundun um það sem fram fór í leikskólanum; leiðbeinendurnir nutu góðs af henni þannig að þátttaka í verkefninu eflði þá í starfi þar sem þeir þróuðu hugmyndir sínar og viðhorf um nám og börn. Samræður og ígrundun starfsfólksins leiddi til þess að flestir fóru að sjá börnin, samskipti við þau og þeirra á milli á annan hátt en áður, t.d. með vellíðan þeirra í huga, eða að reyna að skilja betur ástæðurnar fyrir athöfnum barnanna. Þetta er í takt við það sem *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) leggur upp með, þ.e. að ígrunda eigið starf út frá skráningum í þeim tilgangi að meta nám og líðan barna með fjölbreyttum hætti.

Í öðru lagi þá fékk barnahópurinn öðruvísi athygli en hann hafði áður fengið. Starfsfólkið varð meðvitaðra um öll börnin og þegar leið á veturinn kom í ljós að sumum börnum leið ekki eins vel og hafði verið haldið. Þegar þátttakendur komust að því var þeim brugðið og beindu athyglinni að þessum börnum. Það jók starfsánægju þeirra að finna að börnunum leið betur (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Jafnframt gerðu þátttakendur skipulagsbreytingar á deildinni, léttu með því álagið, bættu starfsumhverfið sem varð rólegra og skapaði meira rými fyrir börnin. Námsöguskráningarnar veittu þeim nýja sýn inn í heim barnanna sem lýsir sér vel í orðum Guðlaugar þegar hún sagði að það væri eitthvað meira þarna. Þegar skráningar eru ígrundaðar kemur margt í ljós sem starfsfólk tekur ekki eftir í dagsins önn. Skráningarnar geta orðið innihaldsríkari og skilað meiri árangri þegar unnið er meira með þær (Carr og Lee, 2019; Knauf, 2017). Því er mikilvægt að halda áfram með það góða starf sem unnið var í samstarfsrannsókninni, fara dýpra í skráningarnar og tengja foreldra og börn meira inn í skráningarferlið.

Lokaorð

Niðurstöður þessa hluta samstarfsrannsóknarinnar benda til þess að skráningar námssagna veiti leikskólakennurum og leiðbeinendum dýpri innsýn í sjónarmið barna og þar af leiðandi hvernig þróa má leikskólastarfið með hliðsjón af áhuga og styrkleika þeirra. Tvennt stóð upp úr í þeim leikskóla sem hér er fjallað um, en það tengist annars vegar því að námssöguskráningarnar nýttust leiðbeinendum sérlega vel, það er þeim sem ekki höfðu lokið leikskólakennaramenntun. Með því móti má ætla að skráningar geti orðið nokkurs konar endurmenntun fyrir leiðbeinendur og geti þannig stuðlað að faglegru starfsháttum í leikskólum. Hins vegar var áhugavert hvernig leikskólakennarar og leiðbeinendur hófu að einbeita sér sérstaklega að vellíðan barnanna, leitast var við að öllum börnum væri mætt, ekki síður þeim sem alla jafna kölluðu ekki á athygli og voru í upphafi „ósýnileg“ í skráningum. Í ljós kom að leikskólakennurum og leiðbeinendum fannst þau hafa fulla vitneskju um áhuga þeirra, þarfir og líðan. Nánari námssöguskráning og athygli beindist að því að afla meiri upplýsinga um börnin, sem gerði leikskólastarfið betra fyrir öll börn.

“There was something more in this”: Assessing children’s learning and focusing on their well-being

This article describes a collaborative action research project performed in a preschool in one of the neighbouring municipalities of Reykjavík. Participants were five staff members in one classroom and a school director, along with the authors of this article; a master’s student; and an associate professor at the University of Iceland. The aim of the study was to explore the assessment methods used in one preschool and develop methods to assess children’s well-being and learning in line with the National Curriculum Guide. Three participants were qualified preschool teachers and three were not educated in the field of preschool practice. This was a three-year project, the main data gathering taking place in one school year, from September 2016 to May 2017.

The data comprised interviews, research diaries and documentation and was analysed with the purpose of showing the processes of collaborative action research. A further aim was to explore children’s involvement in play and other activities and aspects of the teachers’ working methods by reflecting on their views and actions in the preschool. The objective was to gain answers about what kind of methods would work to assess children’s learning and well-being; whether or how the participants’ views had changed during the research period; what assessment methods were developed in the preschool; and the value for the teachers of taking part in collaborative action research seeking diverse assessment methods.

Before the research started, methods used in the preschool to assess the children’s education were mainly influenced by personal folders made for all children. Specimens of children’s artwork and photos from their activities in the preschool are collected in the personal folder which is supposed to show the progress of the child’s thinking and abilities, and also document major events in the child’s life; birthdays, holidays and special events at the preschool. Another formal method used in the preschool was the SMT (School Management Training) which aims to support children’s social competence by tackling inappropriate behaviour and encouraging positive behaviour. The SMT ideology presents positive enforcement of positive rules. Negative behaviour is documented and the information used to change its patterns is enforced by the same methods used by all staff.

The data describes the views of the participants in the beginning and the end of the school year, regarding children’s learning and well-being. The data revealed that assessment methods in the preschool were not systematically planned; rather, issues were discussed in passing and mostly focusing on children’s behaviour, including behaviour problems. The participants’ ideas developed over the course of the research period. The preschool teachers and assistant teachers created methods to observe children’s play, to reflect on and document Learning Stories, originally developed in New Zealand, showing children’s abilities and interest in play and other activities. In the middle of the research period, the preschool participants discovered that they had not documented stories about all the children. Some children seemed to be “hidden”, they had not caught the staff’s attention and thus no Learning Stories had been developed for them. To pay closer attention to these children the preschool teachers and the assistant teachers decided to map the social situation of children in the preschool by focusing on their strengths by documenting their Learning Stories. At the end of the research period they had documented stories about all the children and were able to better understand all the children’s welfare and ways of learning and interacting in the preschool.

During the research period, regular visits were made by the master's student who supported the preschool teachers and the assistant teachers and followed the progress of the research by generating data. In these visits the master's student and the participants in the preschool discussed the process of the children's learning and the challenges they meet with in developing the Learning Stories. Also they reflected on the Learning Stories and the experience became an encouragement to continue documenting children's stories, gaining insight into children's play and learning and being part of the research team.

As the participants in the preschool reflected on the documentation the focus on children's well-being became stronger and at the same time less attention was given to behaviour problems. The preschool teachers were able to use their professional experience and education to make their work with the children more meaningful. The assistant teachers, not having been trained in the field of early education, gained new experience through participating in this research. Their views and methods became closer to the professionals' ideas and seemed to have deepened as had their awareness of the children's views and their well-being. This encouraged change in the preschool practice, as the staff paid more attention to the children who had been "hidden" and were able to support their wellbeing and involvement in the group of children.

Thus, the Learning Story Approach gave the participants in the preschool a new insight into the children's world and they were able to pay closer attention to the learning and well-being of all children.

Key words: Assessment, well-being, collaborative action research, early childhood education and reflective professional development.

Um höfundana

Daníel Steingrímsson (danieliceland@gmail.com) er deildarstjóri í Leikskóla Seltjarnarness. Hann útskrifaðist með M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum leikskóla vorið 2019. Hann er með BA- og MA-gráðu í guðfræði.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) er dósent í menntunarfræði ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kennsla hennar og rannsóknir snúa að ígrundun og fagþróun leikskólakennara, þátttöku barna í leik og námi, börnum sem áhrifavöldum í eigin lífi og lýðræðislegu leikskólastarfi. Auk þess hefur hún fjallað um námssöguskráningar og mat í leikskólastarfi. Hún er forstöðukona RannUng og hefur tekið þátt í nokkrum samstarfsrannsóknaverkefnum.

About the authors

Daníel Steingrímsson (danieliceland@gmail.com) is a department head in Seltjarnarnes preschool. He received his M.Ed. in early childhood studies in spring 2019. He has a BA and an MA in theology.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) is an associate professor in Early Education at the Faculty of Education, University of Iceland. Her teaching and research touches upon preschool teachers' reflections and professional development, children's participation in play and learning, children's agency and democracy in preschools. Furthermore, she works with Learning Stories, documentation and assessment in preschool education. Currently she is head of the Research Center in early education and has taken part in several collaborative action research projects.

Heimildir

- Bae, B. (2009). Children's right to participate: Challenges in everyday interactions. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(3), 391–406. DOI:10.1080/13502930903101594
- Blaiklock, K. E. (2008). A critique of the use of learning stories to assess the learning dispositions of young children. *New Zealand Research in Early Childhood Education Journal*, 11(1), 77–88.
- Broström, S., Jóhanna Einarsdóttir og Pramling Samuelsson, I. (2018). The Nordic perspective on early childhood education and care. Í B.V. Oers og M. Fleer (ritstjórar), *International handbook of early childhood education* (bls. 867–888). New York: Springer.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood education: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Carr, M. (2011). Young children reflecting on their learning: Teachers' conversation strategies. *Early Years*, 31(3), 257–270. DOI: 10.1080/09575146.2011.613805
- Carr, M. (2014). Play and playfulness: Issues of assessment. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The Sage handbook of play and learning in early childhood* (bls. 264–276). London: Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2012). *Learning stories. Constructing learner identities in early education*. Los Angeles: Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2019). *Learning stories in practice*. Los Angeles: Sage.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood: Education and care* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Dweck, C. S. (2017). *Mindset. Changing the way you think to fulfil your potential*. London: Robinson.
- Dweck, C. S. og Leggett, E. L. (1988). A social-cognitive approach to motivation and personality. *Psychological Review*, 95(2), 265–273.
- Heiða Mjöll Brynjarsdóttir. (2015). „Við erum alltaf að reyna að fá gullin til að glóa meira“: Gildi námssagna í leikskólaskrifum (óútgefin meistaraítgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/22993>
- Johansson, E. (2004). Learning encounters in preschool: Interaction between atmosphere, view of children and of learning. *International Journal of Early Childhood*, 36(2), 9–25.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólaskrifum* (bls. 115–133). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Opportunities and challenges in Icelandic early childhood education. Í C. Ringsmore og G. Kragh-Müller (ritstjórar), *Nordic social pedagogical approach to early years* (bls. 63–72). New York: Springer.
- Knauf, H. (2017). Documentation as a tool for participation in German early childhood education and care. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(1), 19–35. doi:10.1080/1350293X.2015.1102403
- Kristín Karlsdóttir. (2017). *Children's learning processes in two preschools*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námssögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námssögur: Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólaskrifum* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2010). Exploring children's learning stories as an assessment method for research and practice. *Early Years*, 30(3), 255–266. DOI: 10.1080/09575146.2010.506431
- Laevers, F. (1994). The innovative project Experiential Education and the definition of quality in education. Í F. Laevers (ritstjóri), *Defining and assessing quality in early childhood education* (bls. 159–172). Leuven: Leuven University Press.
- Lansdown, G. (2011). *Every child's right to be heard: A research guide on the UN Committee on the rights of the child general comment no. 12*. London: Save the Children Fund.
- Lillemyr, O. F., Sobstad, F., Marder, K. og Flowerday, T. (2011). A multicultural perspective on play and learning in primary school. *International Journal of Early Childhood*, 43(1), 43–65. doi:10.1007/s13158-010-0021-7
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvarsdóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Mayall, B. (2003). *Sociologies of childhood and educational thinking*. London: Institute of Education.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Reykjavík: Höfundur.
- Miðstöð PMTO-foreldrafærni [Parent Mangement Training - Oregon]. (e.d.). *Um SMT-skólafærni*. Sótt af <http://www.pmtto.is/fagfolk-smt-skolafaerni/skolaverkefni/>
- New Zealand Ministry of Education. (1996). *Tē Whāriki. He Whāriki mātauranga mō ngā mokopuna o Aotearoa: Early childhood curriculum*. Wellington, NZ: Ministry of Education.
- Prout, A. og James, A. (2015). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 6–18). London: Routledge.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1989). Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/149b/1992018.2c5.html>
- Sara Margrét Ólafsdóttir. (2013). „Það skapar vellíðan að þurfa ekki að keppa við tímann“: Áhrif skipulags á vellíðan barna í leikskóla (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16816>
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla: Samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum* (bls. 31–54). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Smiley, P.A. og Dweck, C. (1994). Individual differences in achievement goals among young children. *Child Development*, 65, 1723–1743.
- Dórdís Þórðardóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir (2016). „The day the gender system collapses will be a good day“: Students memories of being girls or boys. *Tímarit um Uppeldi og Menntun*, 23(1), 129–147.



Daníel Steingrímsson og Kristín Karlsdóttir. (2020). „Það var eitthvað meira þarna“: Mat á námi og vellíðan barna. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/02.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.2>